



Ávarp
Höllu Tómasdóttur
forseta Íslands
á alþjóðlegum minningardegi um þá
sem látist hafa í umferðarslysum
Reykjavík
16. nóvember 2025

Ráðherra, viðbragðsaðilar og aðrir góðir gestir.

Við erum saman komin hér í dag til að minnast þeirra sem látist hafa í umferðinni á liðnum árum en einnig og ekki síður til að heita á okkur sjálf og aðra að fækka slysum og auka öryggi vegfarenda. Þó að umtalsverður árangur hafi náðst á þessum sviðum á liðnum áratugum er ljóst að við þurfum áfram að halda vöku okkar. Nýjar kynslóðir vaxa úr grasi og það fennir fljótt í gömul spor. Forvarnarstarf er í eðli sínu stöðug og þrotlaus vegferð.

Ég er af þeirri kynslóð sem sat í aftursætinu fyrir hálfri öld síðan án þess öryggis sem barnabílstólar og bílbelti veita. Við systurnar lékum okkur næstum því eins frjálsglega í bíltúrum í Cortinunni með pabba og mömmu og í barnaherberginu eða úti á Rútstúni á Kársnesinu. Ef bílbelti voru í farartækjum á annað borð voru þau oftast aðeins ætluð þeim sem sátu fram í. Notkun þeirra var valfrjáls og þótti jafnvel bera vott um heigulshátt.

Fyrstu skrefin í rétta átt voru tekin þegar ég komst á táningsaldur. Þá voru mótaðar reglugerðir og lög um bílbeltanotkun fyrir þá sem sátu í framsætunum. Af því tilefni sagði Ólafur Ólafsson landlæknir að almenn bílbeltanotkun væri

„eitt brýnasta úrlausnarefnið varðandi fyrirbyggjandi aðgerðir í heilbrigðismálum hér á landi.“ En það tók sinn tíma að breyta hegðun og viðhorfum almennings. Ekki var nóg að leggja fram tölur sem sýndu að bílbelti gætu bjargað að minnsta kosti fjórðungi þeirra sem létust í umferðarslysum. Stór hópur málsmetandi manna sá einfaldlega ekki ljósið. Árið 1981 skrifaði Ómar Ragnarsson blaðagrein um bílbeltanotkun undir yfirskriftinni „Hve lengi á að berja hausnum við stýrið?“ Hann hrakti þar helstu rök þeirra sem börðust gegn bílbeltanotkun og harmaði árásir sömu aðila „á landlækni og aðra þá, sem bera þetta stórfellda líknarmál fyrir brjósti“.

Sjálfri finnst mér eins eðlilegt og sjálfsagt að spenna beltið þegar ég sest inn í bíl og að burstu tennurnar þegar ég vakna og loka augunum þegar ég fer að sofa. Ef ég finn ekki fyrir öryggisbeltinu á öxlinni finnst mér eins og eitthvað vanti. Beltið veitir mér dýrmæta öryggiskennd. Reglugerðir, lög og sektir hafa haft þar sitt að segja en einnig markviss leiðsögn og, síðast en ekki síst, ótvíræður vitnisburður um fækkun banaslysa síðustu áratugi. En eins og ég nefndi áðan þurfum við áfram að halda vöku okkar; fræða, hvetja og veita aðhald.

Sérhvert slys sem hægt er að koma í veg fyrir – með aðgát, fyrirbyggju, já oft bara einu handtaki – er einu slysi of mikið. Á liðnu ári urðu þrettán banaslys í umferðinni á Íslandi sem er meira en helmingi meira en meðaltal næstu fimm ára á undan. Fórarlömb þessara slysa eru margfalt fleiri, þar með talið ættingjar og vinir sem syrgja. Sum þeirra bera aldrei sitt barr að nýju. Við megum heldur ekki gleyma því hve þungbært það getur verið fyrir viðbragðsaðila að sinna sínum skyldum þegar um alvarleg umferðarslys er að ræða. Mig langar til að nota þetta tækifæri og þakka þeim stóra hópi fyrir ómetanleg störf fyrr og nú og það æðruleysi sem þau sýna jafnan við erfiðar aðstæður.

Mig langar líka til að þakka fyrir að fá að vera með ykkur hér í dag og vil ljúka máli mínu á erindi úr „Sólsetursljóði“. Þetta er frjálsteg útlekking Jónasar Hallgrímssonar, afmælisbarns dagsins, á erlendu kvæði. Hér ávarpar skáldið

hlýja sólina en orðin eiga erindi við öll þau sem eiga um sárt að binda og þurfa tíma, yl og trú til að rækta nýjar vonir í brjósti.

Vonin vorblíða,
vonin ylfrjóva
drjúpi sem dög
af dýrðarhönd þinni,
döpur mannhjörtu
í dimmu sofandi
veki, sem vallblómin
vekur þú á morgni.